LISTIR

„Að syngja fyrir þjóðir“

TÓNLIST

Íslenska óperan

EINSÖNGSTÓNLEIKAR

Jóhann Smári Sævarsson og Maris Skuja fluttu söngverk eftir Tsjaíkovskij, Rachmaninov, fimm íslensk sönglög og aríur eftir Beethoven, Bellini, Mozart og Verdi. Þriðjudagurinn 15. apríl, 1997.


FRÁ því að Jóhann Smári söng hlutverk Colline í La Bohéme, sem uppfærð var í Borgarleikhúsinu á vegum Óperusmiðjunnar, hafa borist fregnir að utan af góðum námsárangri og að hann hefur verið ráðinn til starfa við óperuna í Köln. Nú kemur hann heim til að innsigla stöðu sína sem fullgildur óperusöngvari með tónleikum í íslensku óperunni. Efnisskráin var þrískipt, fyrst rússnensk sönglög, þá íslensk og síðast fjórar óperuaríur. Rússnesku sönglögin eru flest lítt kunn nema ef til vill fyrsta lagið, Nei, aðeins sá hefur þekkt þá þrá, afburðafagurt söngverk eftir Tsjaíkovskij, sem Jóhann Smári mjög fallega og af fimm lögum eftir Rachmaninov, var síðasta lagið, Í þögn leynardómsfullrar nætur, sérlega vel flutt. Rússnesku lögin voru í heild mjög vel flutt og átti undirleikarinn Skuja þar stóran hlut, með frábærum leik sínum, sérstaklega í lögunum eftir Rachmaninov, sem mörg eru krefjandi fyrir píanistann.

Þá var leikur Skuja í íslensku lögunum ekki síðri, sérstaklega í Kvöldsöng Markúsar Kristjánssonar og Sverri konungi, eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson, sem Jóhann Smári söng af glæsibrag. Rósin eftir Árna Thorsteinsson var fallega sungin en í leikrænu lögunum, Nirflinum, eftir Karl O. Runólfsson og Tengdamæðrunum, eftir Atla Heimi Sveinsson, sýndi Jóhann Smári að hann kann eitt og annað sem heyrir til leikrænnar túlkunar, eins og heyra mátti einnig í aríu Rocco, úr fjórða atriði óperunnar Fidelio, eftir Beethoven, og í La vendetta, aríu Bartolos úr fyrsta þætti Brúðkaupsins, eftir Mozart.

Fíngerður og ljóðrænn flutningur einkenndi Vi ravviso, aríu úr La Sonnambula, eftir Bellini og í tveimur síðustu aríunum, sem eru eftir Verdi, sýndi Jóhann Smári að hann hefur á valdi sínu að túlka á sannfærandi máta tilfinningaþrungin átök, eins í aríunni „Come dal ciel precipata“ úr Macbeth og „Ella giammai m'amo“, aríunni frægu úr Don Carlos.

Með þessum tónleikum hefur Jóhann Smári fært okkur heimamönnum sanninn um að hann er góður söngvari og ræður yfir töluverðri breidd í túlkun, þótt enn eigi hann verk að vinna varðandi há- og lágsvið raddarinnar. Með honum lék aldeilis ágætur píanóleikari, Maris Skuja, er átti einnig þátt í sterkri túlkun á Verdi aríunum, rómantíkinni hjá Bellini og grárri gamanseminni hjá Mozart og Beethoven. „Samleikur“ þeirra var eins og best verður á kosið. Jóhann Smári Sævarsson fyllir nú þann flokk efnilegra einsöngvara, sem haslað hafa sér völl við óperuhús erlendis, til að „syngja fyrir þjóðir“.

Jón Ásgeirsson



Morgunblaðið/Golli

„SAMLEIKUR“ Jóhanns Smára Sævarssonar og Maris Skuja var eins og best verður á kosið segir í umsögn um tónleika þeirra.

Kórsöngur í Laugarneskirkju

KÓRTÓNLEIKAR verða í Laugarneskirkju í kvöld, fimmtudag, kl. 20.30.

Á tónleikunum syngja og stjórna nemendur úr Tónmenntakennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík. Eru þessir tónleikar síðasti hluti af kórstjórnarprófi þeirra nemenda er taka lokapróf í kórstjórn, segir í kynningu.

Kór Tónlistarskólans mun einnig syngja, en stjórnandi hans er Marteinn H. Friðriksson.

Sesselja Björnsdóttir opnar sýningu

SESSELJA Björnsdóttir opnar sýningu í Galleríi Sævars Karls föstudaginn 18. apríl kl. 16.

Sesselja hefur haldið nokkrar einkasýningar og tekið þátt í samsýningum heima og erlendis, segir í kynningu.

Ljós og skuggar

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

RÝMISLIST LARRY BELL

Opið alla daga frá kl. 10–18. Til 11. maí. Aðgangur 300 krónur. Sýningarskrá 900 krónur.

MINIMALISMI eða naumhyggja eins og mörgum er tamt að nefna stílheitið, á drjúgu fylgi að fagna í þröngum hópi hér í þessu víðáttumikla strjálbýla landi fjölbreytileika og veðrabrigða. Jafnframt eru þeir öðrum fremri í markaðssetningu fyrirbærisins eins og fram kemur, og mörgum er nóg um í dvergþjóðfélginu, því eitthvað hlýtur að láta undan er ein stefna er tekin upp sem trúarbrögð, öllum öðrum æðri. Listamaðurinn Larry Bell kemur hins vegar frá risaþjóðfélagi þar sem hugsanagangurinn er allt annar, hrátt skipulag, hraði, hávaði og hamagangur ríkir og einfaldleikinn og þögnin sem vin í eyðimörk. Að liststefnan skyldi fundin upp í markaðsþjóðfélaginu Bandaríkjunum, er eins skiljanlegt og að Chagall færi að nota rússneskar þjóðsögur sem myndefni. Fólkið á dúkum hans að auk án þyngdarafls sem má bæði vísa til íkonamálverksins og tímanna, upphafs flugsins og afreka Wrigth bræðra og Blériots í næsta sjónmáli.

Á þennan ákveðna hátt eru sjónlistir sagnfræði, mun meiri sagnfræði en aðrar listir, jafnvel bókmenntir, yfirgengur ritaðar lýsingar á mannlegum fyrirbærum með skynvíddum innra augans. Um þetta er öll listasagan til vitnis, ennfremur að fyrirbærið að vera þjóðlegur og um leið alþjóðlegur, er að skynja samtíð sína og umhverfi jafnt með ytra sem innra auga, hvort heldur það sé gert með kaldri rökhyggju eða tilfinningafuna. Á hvorutveggja jafn mikinn rétt á sér, sem allt þar á milli, svo fremi sem framsetningin sé hrein fersk og safarík, það er fjölbreytni tegundanna sem máli skiptir í lífi og náttúru en ekki ein tegund né eitt afmarkað svið eða miðja.

Minimalismi eða, primary structures, eins og listastefnan nefndist í upphafi, markar grunnbyggingu forma og var beint gegn ofurveldi poplistarinnar og sértæku úthveru innsæi (abstrakt expressjónisma) sem voru leiðandi stefnur um miðbik sjöunda áratugarins. Ameríski listrýnirinn Richard Wollheim er sennilega faðir hugtaksins, en hann notaði það í fyrsta skipti 1965, er hann skilgreindi verk með minnsta mögulegu innihaldi. Málarinn Barbara Rose tók skilgreininguna upp varðandi eigin verk í mjög eintóna litum. Leiti menn lengra til baka finna þeir röð mynda, sem ameríski málarinn Alexander Liberman skilgreindi með nafninu „minimum“ 1950. Og málarar eins og Ad Reinhardt, Barnett Newman og Josef Albers unnu á skyldum grundvelli í mjög takmörkuðum formum fárra og eintóna litaheilda. Ekki má svo ganga framhjá harðflatalist Kenneth Nolands, „Hard Edge“ né áhangendum litaskipulagsins „Colour Fielding“ svo sem Alfred Jensen, Jo Baer og Myriam Sharphio.

Og leiti maður enn lengra aftur í söguna, ber að rannsaka málfræði hinnar hreinu skreytilistar, eða „The grammar of ornament“ í Austurlöndum nær og fjær fyrir árþúsundum, ásamt vægi einfaldra forma í húsagerðar- og hvers konar brúkslistum. Það eru menn eins og Dan Flavin, Donald Judd, Robert Moris, Carl André og John McChracken, sem helst tengjast upphafi listastefnunar með rúmfræðilegum grunnformum í þrívídd. Aðallega teningum, plötum, girðingum, kössum og römmum úr ýmsum efnum eins og tré, áli, steini og stáli, sem á kerfisbundinn hátt er raðað upp í tilfallandi rými. Stærðir og fyrirferðir hlutfallanna ásamt einfaldleika framsetningarinnar, er formgerðin birtist í frumgerð sinni, eiga að marka hina listrænu lifun. Þar með renna form, efni, rými og ljósáhrif saman í eina heild og er þetta undanfari hinna svonefndu innsetninga „Installationa“ sem eru þó meira sviðsmyndir. Grunnform minimalismans eru sett fram sem tímalaus óbreytanleiki, afdráttarleysi þeirra og yfirsýn eiga að þjappa saman aðalatriðunum. Öllu skreyti er hafnað til hags fyrir hið stranga formmál hlutarins og skýrleika rýmisáhrifanna.

Inn á þetta afmarkaða svið þrengir sét nafn Larry Bell, sem upprunalega vann í málverkum sértæks úthverfs innsæis, sem smám saman nálgaðist strangflatalistina, og hóf þá um leið að vinna með smákassa úr tré og sprungnu gleri. Seinna gerði hann smíðisverk úr gleri speglum og lérefti og loks hefur hið hreina gler verið meginuppistaðan í list hans svo snemma sem frá 1964.


Í uppsláttarbókum er Bell ekki skilgreindur sem minimalisti, þótt hann sé sagður hafa tilhneigingar í þá átt að hlutleysa, og/eða leysa upp efnið, þannig að ljósið og hið gagnsæja yfirborð er í aðalhlutverkinu. Efnið sem hann vinnur með verður þá í senn óáþreifanlegt sem áþreifanlegt og sjálfur vill hann réttilega nefna sig, sensúalista, væntanlega í þeim skilningi að hann vinni með skynjanir á formum og efnum í ljósi viðbragða þeirra á fólk. Í þá veru telur hann verk sín hvorki hugmyndafræðileg né minimölsk nema með skírskotun fyrir sig persónulega og hvernig honum finnst ljósið vinna með efninu. Ljósið sjálft og yfirborð glersins er þá öllu frekar miðill hans en áþreifanleg fyrirferðin. Gler hefur verið þekkt frá því 3.000 árum fyrir tímatal okkar og var sennilega fundið upp af Egyptum. Í Evrópu var snemma á miðöldum farið að vinna í gler svo að efnið er ævagamalt og vinnsla þess litlum takmörkum sett um fjölbreytni. Glerið er stór þáttur í húsagerðarlist og hrein vísindi hvernig birtan að utan er látið leika gegnum það, þótt lítið fari fyrir þeim í landi þar sem gluggar virðast vera gerðir fyrir gardínur sem byrgja fyrir ljósgjafan.

Hið síðasta er útúrdúr en þó ekki án tilgangs, því glervek Larry Bells að Kjarvalsstöðum ættu að opna augu ýmissa fyrir frumþáttum efnisins og möguleikum þess sem varðandi lífrænt samspil ljóss og skugga.

Vafalítið er komið ágætt dæmi um vinnubrögð Bells í þessum fáu glerverkum í vestursal, og það er rétt hjá listamanninum að hið opna og ósveigjanlega rými fellur afar vel að þeim. Jafn vel og það fellur illa að ýmsum öðrum tegundum sjónlista vegna gervibirtu og staðrar lýsingar. Að öllu jöfnu truflandi endurspeglunin í parketgólfinu gefur honum að auk möguleika á nýrri vídd og því er rýmið sem sniðið að list hans.

Sýningin hefst á firnalangri röð litríkra smámynda „Brot1-135“, sem sýna tengsl listamannsins við hið fagurfræðilega, og er um að ræða að skila frá sér áhrifum sem hann varð fyrir af landinu á fyrri ferð sinni. það er ekki fyrr en við endurtekna skoðun að þessar myndir fara að njóta sín vegna þröngrar upphengingar, sem þætti forkastanleg ef hérlendur málari ætti í hlut. Er sambandi er náð við einstaka myndir kemur í ljós að hér er snjall og skipulagður málari á ferð, sem sker sig frá félögum sínum er sumir koma ekki nálægt handverkinu sjálfir. Eftirtektarvert er svo, að þessi fagurfræðilega kennd frekar stigmagnast í einfaldleika glerverkanna, minnst þó í minni verkunum tveim í öðrum sal, magnast til allra muna í þeim þriðja og nær hámarki í þeim innsta. Þetta margslungna verk hlýtur að vera meistarstykki frá hendi Larry Bells, fyrir fjölþættar, mjúkar og margræðar speglanir, leik með ljós og skugga, skýra og klára formræna samspil þessara þátta. Ekki að undra þótt stjörnuarkitektinn Frank Gehry hafi viljað virkja þennan meistara rýmislistarinnar, þótt sjálfur hafi Bell svo valið að gera fígúratívar bronsstyttur! Innsiglar sjálfstæði hans sem listamanns, er lætur ekki utanaðkomandi marka sér leiðir.

Bragi Ásgeirsson



I) 6x6x4-AB, 1996